

✉ Re: Rammahluti Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030/40. Borgarlínan í Reykjavík. 1. lota Borgarlínunnar | Ártún – Fossvoogsbrú. Vinnslutillaga í forkynningu

Búið til	27.5.2021 15:35:16
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	27.5.2021 15:35:15
Tilheyrir	📁 202102-0039 - Rammahluti Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030/40. Borgarlínan í Reykjavík. 1. lota Borgarlínunnar   Ártún – Fossvoogsbrú.

## Efni

Re: Rammahluti Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030/40. Borgarlínan í Reykjavík. 1. lota Borgarlínunnar | Ártún – Fossvoogsbrú. Vinnslutillaga í forkynningu

## Upplýsingar

## Vinnsla

Sent	27.5.2021 15:35:15	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

## Pátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	haraldur.sigurdsson@reykjavik.is, skipulag@reykjavik.is

## Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um drög að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna Borgarlínunnar.

Sambærileg umsögn var send til Kópavogs en í þeirri umsögn var undanskilin umfjöllun um áhrifasvæði sem einungis eru innan Reykjavíkur.

Tilvísun í mál nr. 202102-0039 (SS).

Við er til meðfylgjandi tölvupósts frá Reykjavíkurborg, umhverfis- og skipulagssviði, dags. 19. febrúar 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um drög að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna tillögu um legu fyrsta áfanga Borgarlínunnar.

Fyrsti áfangi Borgarlínunnar liggur að mestu leyti í þéttbýli og þ.a.l. utan hlutverks Náttúrufræðistofnunar en einnig fer hún í gegnum eða í nágrenni við nokkur náttúruverndarsvæði, friðlýst svæði skv. ákvæðum laga um náttúruvernd nr. 60/2013, svæði á nágildandi náttúruverndarsvæði og svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á væntanlega framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruverndarsvæðis. Athugasemdir Náttúrufræðistofnunar munu því beinast að mögulegum áhrifum á þessum svæðum.

Áætlað er að Borgarlínan fari á brú yfir innanverðan Elliðaárdalur þ.e. ósasvæði Elliðaárna og Geirsnefið. Svæðið er mjög raskað í dag vegna landfyllinga en þar finnast enn leirur sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Leirurnar eru einkum í vestari hluta ósasvæðisins þar sem vesturkvísl Elliðaárna rennur út í voginn. Í leirurnar og ósasvæðið í heild sækja ýmsar fuglategundir allan ársins hring m.a. gulönd á veturna sem er tegund metin í nokkurri hættu á vólsta Náttúrufræðistofnunar. Elliðavogshraun sem einnig nýtur sérstakar verndar liggur út í Geirsnefið að hluta þótt það sé ekki mjög sýnilegt þar. Elliðaárdalur og Elliðaárdalur eru einnig á gildandi náttúruverndarsvæði. Svæðið er nú þegar undir töluverðu álagi og því mikilvægt að við hönnun og framkvæmd brúarmannvirkja og í rekstri Borgarlínunnar sé hugað að því að draga sem mest úr raski og truflunum eins og hávaða- og ljósmengun.

Borgarlínan mun liggja meðfram Reykjavíkurtjörn sem er á gildandi náttúruminjaskrá. Við hönnun og framkvæmd á vegstæði Borgarlínunnar þarf að taka tillit til lífríkis Tjarnarinnar og varast neikvæð áhrif á vatnsbúskap. Huga þarf að mótvægisáðgerðum ef framkvæmdir hafa áhrif á rennsli grunnvatns í Tjörnina eða auka mengunarálag. Þá þarf að taka tillit til fuglalífs og við hönnun og framkvæmdir huga að því að truflun vegna hávaða, ljósmengunar og endurkasts frá gleri eða öðrum glansandi flötum valdi ekki hættu fyrir fugla sem dvelja og heimsækja Reykjavíkurtjörn. Sérstaklega þarf að gæta truflunar á varptíma frá maí-ágúst.

Borgarlínan þverar Fossvoginn á nýrri brú. Náttúrufræðistofnun veitti umsögn til Skipulagsstofnunar þann 22. janúar 2020 um matsskyldu framkvæmdarinnar þ.e. brúarinnar og tengdra landfyllinga. Þar kemur fram að stofnunin taldi nægjanlega gert grein fyrir umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og mótvægisáðgerðum og að stofnunin teldi ólíklegt að áhrif á lífríki og jarðminjar á svæðinu verði umtalsverð. Bent var á og vill Náttúrufræðistofnun ítreka að framkvæmdin og þar með áform um legu Borgarlínunnar tengjast áformum um landfyllingar vestan við áætlað brúarstæði þar sem stefnt er að nýrri íbúabyggð í Skerjafirði. Sú landfylling mun raska fjörum með hátt náttúruverndargildi og búsvæðum fugla á mikilvægu fuglasvæði sem eru innan svæðisins "Álftanes-Skerjafjörður" og sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár.

Náttúrufræðistofnun Íslands áskilur sér rétt til frekari athugasemda á síðari stigum er tengjast skipulagsgerð og framkvæmdum á Borgarlínu.

Með kveðju,

Snorri Sigurðsson

Sérfræðingur á sviði náttúru- og umhverfismála.

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

**From:** "Haraldur Sigurðsson" <haraldur.sigurdsson@reykjavik.is>

**To:** "Samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Árný Sigurðardóttir" <arny.sigurdardottir@reykjavik.is>; "hafogvatn@hafogvatn.is" <hafogvatn@hafogvatn.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "srn@srn.is" <srn@srn.is>; "Upplýsingar - FERDA" <upplýsingar@ferdamalastofa.is>; "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>; "holmfridur.bjarnadottir@veitur.is" <holmfridur.bjarnadottir@veitur.is>; "kjos@kjos.is" <kjos@kjos.is>; "hafnarfjordur@hafnarfjordur.is" <hafnarfjordur@hafnarfjordur.is>; "mos@mos.is" <mos@mos.is>; "postur@seltjarnarnes.is" <postur@seltjarnarnes.is>; "gardabaer@gardabaer.is" <gardabaer@gardabaer.is>; "ssh@ssh.is" <ssh@ssh.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Jón Kjartan Ágústsson" <jon@ssh.is>; "ssh@ssh.is" <ssh@ssh.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "Guðbrandur Benediktsson" <gudbrandur.benediktsson@reykjavik.is>; "Anna Lísa Guðmundsdóttir" <anna.lisa.gudmundsdottir@reykjavik.is>; "veitur@veitur.is" <veitur@veitur.is>; "office@vedur.is" <office@vedur.is>

**CC:** "Helena Stefánsdóttir" <Helena.Stefansdottir@reykjavik.is>; "Stefán Gunnar Thors" <stefan@vso.is>

**Subject:** Rammahluti Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030/40. Borgarlínan í Reykjavík. 1. lota Borgarlínunnar | Ártún – Fossvogsbrú. Vinnslutillaga í forkyningu

**Date:** 19.2.2021 11:21:51

Góðan daginn

Kópavogur og Reykjavíkurborg hafa samþykkt að kynna drög að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélaganna í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ásamt umhverfisskýrslu sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða.

Sveitarfélögin óska eftir ábendingum umsagnaraðila um tillögurnar fyrir 30. apríl nk. Ábendingar og athugasemdir við drögin skal senda á netfangið [skipulag@kopavogur.is](mailto:skipulag@kopavogur.is), [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is) og á [samráðsgáttina](mailto:samradsgattina.is).

Sveitarfélögin munu bjóða upp á sameiginlegan kynningarfund fyrir umsagnaraðila, sem haldinn verður í mars. Send verður tilkynning um fundartíma á alla umagnaraðila. Drög að breytingartillögum í Kópavogi og Reykjavík fjalla um tillögu að legu Borgarlínunnar og tillögu að staðsetningu kjarnastöðva. Í drögum að skipulagsgögnum eru jafnframt kynntar hugmyndir að leiðbeinandi staðsetningum almennra stöðva, viðmiðum um hönnun göturýmris og forgang almenningsgangna og virkra ferðamáta. Í drögum fyrir Reykjavík eru jafnframt kynnt áform um Sæbrautarstokk og Miklubrautarstokk. Umhverfisskýrsla er hluti af drögnum, sem fjallar um helstu umhverfisáhrifin m.v. fyrirbyggjandi gögn. Drög að aðalskipulagsbreytingu Kópavogsbæjar verða aðgengileg á heimasíðu Kópavogsbæjar [www.kopavogur.is/skipulag-i-kynningu](http://www.kopavogur.is/skipulag-i-kynningu) (<https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu/borgarlinan-vinnslutillaga-rammahluti-ask-kop>) og drög fyrir Reykjavík á heimasíðunni [www.adalskipulag.is](http://www.adalskipulag.is) ([https://reykjavik.is/sites/default/files/adalskipulag\\_reykjavikur\\_2010-2030\\_borgarlina\\_tillaga\\_og\\_umhverfisskyrsla.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/adalskipulag_reykjavikur_2010-2030_borgarlina_tillaga_og_umhverfisskyrsla.pdf)). Jafnframt verða ofangreind gögn aðgengileg á samráðsgáttinni, [www.island.is](http://www.island.is) ([https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2918](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2918)).

Frumdrög að Borgarlínunni eru fylgigögn með skipulagsgögnum. Í þeim er hægt að finna ítarlegri upplýsingar m.a. um ákvörðun um Borgarlínuna, framkvæmdakostnað, hönnunarforsendur, legu, valkosti, umferðarspá og umhverfisáhrif. Frumdrögin eru aðgengileg á [www.borgarlinan.is](http://www.borgarlinan.is) (<https://borgarlinan.is/>).

Bestu kveðjur,

Haraldur Sigurðsson, skipulagsfræðingur (Msc.)

Deildarstjóri aðalskipulags

Umhverfis- og skipulagssviði

Reykjavíkurborgar

**Sent á eftirfarandi umsagnaðila:**

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu

Skipulagsstofnun

Náttúrufræðistofnun Íslands

Veitur

Veðurstofa Íslands

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Vegagerðin

Samgöngustofa

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Minjastofnun Íslands

Umhverfisstofnun

Ferðamálastofa

Borgarsögusafn

Hafrannsóknarstofnun

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

## Viðhengi

image001.png (5 KB)

